

|                      |  |                  |  |
|----------------------|--|------------------|--|
| <b>Ríkisaðili</b>    | <b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>   | <b>Ráðuneyti</b> | <b>Mennta- og menningarmálaráðuneyti</b> |
| <b>Ábyrgðaraðili</b> | Lilja Guðný Jóhannesdóttir   |                  |  |
| <b>A</b>             | <b>Kjarnastarfsemi</b>   |                  |  |
|                      | <p>Verkmenntaskóli Austurlands (VA) er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla, framhaldsskólalögum og öðrum lögum og reglugerðum sem snerta skólustarf á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur að leiðarljósi þá grunnþætti menntunar sem tilteknir eru í Aðalnámskrá framhaldsskóla: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun.</p> <p>VA er áfangaskóli sem býður upp á verk- og bóknám, bæði styttri brautir og brautir til starfsréttinda og stúdentsprófs. Rétt er að geta þess að VA er eini skólinn á austanverðu landinu sem gefur nemendum kost á að leggja stund á nám á iðn- og starfsnámsbrautum auk bóknámsbrauta. Haustið 2019 var boðið upp á nám á 14 námsbrautum; 8 verk- og starfsnámsbrautum, starfsbraut fyrir fatlaða, framhaldsskólabraut og 4 stúdentsbrautum. Miðað er við að nám á stúdentsbrautum taki þrjú ár. Inntökuskilyrði á einstaka námsbrautir eru tilgreindar á vef skólans sem og kröfur um námsframvindu. Skólanámskrá skólans er birt á vef hans og er hún í sífelldri endurskoðun.</p> <p>Skólinn á í mjög góðu samstarfi við atvinnulífið á svæðinu sem birtist m.a. með aðkomu aðila úr atvinnulífinu að kennslu í iðnnámi og þátttöku í Tæknidegi fjölskyldunnar sem haldinn er haust hvert með það að markmiði að efla aðsókn að starfs- og tækninámi.</p> <p>Heimavist er í boði við skólann. Þar eru 29 tveggja manna herbergi, vistin rúmar því 58 nemendur. Á haustönn 2019 eru nemendur á heimavist 31 og öll herbergi nýtt.</p> <p>309 nemendur stunda nám við skólann á haustönn 2019.</p> <p>Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda um aðgang að fjölbreyttu námsframboði sem uppfyllir viðmið um gæði, þ.m.t. starfsnámi og að nemendur ljúki námi á tilskildum tíma miðað við aðalnámskrá 2011.</p> |                  |  |

| VA er virkur þáttakandi í starfi og þróun Fjarmentaskólans sem og í samstarfi verknámsskólanna. Við skólann er starfrækt íþróttakademía í samstarfi við íþróttafélög í Fjarðabyggð og einnig listaakademía. |  |              |  |   |                                  |   |  |
|---|--|--------------|--|---|----------------------------------|---|--|
| <b>Markmið, mælikvarðar og aðgerðir</b>   |  |              |  |   |                                  |   |  |
| Nr.   | Markmið  | HM           | Mælikvarðar  | Gögn til grundvallar  | Staðan 2018                      | Viðmið 2020                                 | Viðmið 2022  |
| A1  | Minnka brotthvarf úr námi  | HM 3<br>HM 4 | Hlutfall nýnema sem innritast á annað ár strax að loknu fyrsta ári.  | Brottfallsmælingar MRN.   | 100%                             | ≥ meðaltal framhaldsskóla á Íslandi.        | ≥ meðaltal framhaldsskóla á Íslandi.                 |
|   |  |              | Hlutfall nýnema sem mælast í brottfallshættu sem innritast á annað ár strax að loknu fyrsta ári.   | Gögn náms- og starfsráðgjafa úr brottfallskönnun, gögn úr Innu. | Mælikvarði ekki kominn í notkun. | Mælikvarði skilgreindur.                    | Viðmið fer eftir skilgreiningu mælikvarða árið 2020. |
|   |  |              | Hlutfall nemenda sem kemur úr grunnskóla með einkunnina C+ eða lægri sem stenst byrjunaráfanga á fyrsta þrepi í kjarnagreinum og getur hafið nám á öðru þrepi. | Gögn úr Innu.   | 75%                              | 80%   | 80%  |
| <b>Tengist markmiði málaflokks</b>  |  |              |  |   |                                  |   |  |
| Markmið 1: Fleiri nemendur ljúki námi á tilsettum tíma.   |  |              |  |   |                                  |   |  |
| Nr.   | Verkefni/aðgerðir  |              |  |   | Upphaf                           | Endir                                       |  |
| A1.1  | Skima fyrir brotthvarfi meðal allra nýnema.  |              |  |   | 2015                             | 2022  |  |
| A1.2  | Vinna markvisst að forvörnum þar sem áhersla er breytileg frá ári til árs og byggir á niðurstöðum rannsókna á líðan nemenda (Skólalúpsinn, Ungt fólk). |              |  |   | 2020                             | 2022  |  |
| A1.3  | Halda hópastærðum í áföngum í kjarnagreinum á fyrsta þrepi í lágmarki til að efla stuðning við nemendur.   |              |  |   | 2020                             | 2022  |  |
| Nr.   | Markmið  | HM           | Mælikvarðar  | Gögn til grundvallar  | Staðan 2018                      | Viðmið 2020                                 | Viðmið 2022  |
| A2  | Efla gæði bók- og starfsnáms.  | HM 4         | Viðhorf nemenda til kennslu.   | Áfangamat í Innu.   | 85%                              | ≥ 85% nemenda segist ánægðir með kennsluna. | ≥ 85% nemenda segist ánægðir með kennsluna.          |

|  |  |  |   |     |  |  |
|--|--|--|---|-----|--|--|
|  |  | Viðhorf nemenda til aðstöðu til náms í skólanum. | Áfangamat í Innu.                       | 87% | ≥ 85% nemenda telji aðstöðuna viðunandi. | ≥ 85% nemenda telji aðstöðuna viðunandi. |
|  |  | Hlutfall útskrifaðra áfanga.                     | Gögn um útskrift áfanga hjá gæðastjóra. | 91% | 95% áfanga útskrifaðir.                  | 95% áfanga útskrifaðir.                  |

#### Tengist markmiði málaflokks

Markmið 2: Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.

| Nr.  | Verkefni/aðgerðir   |              |   |                           | Upphaf      | Endir       |             |
|------|---|--------------|---|---------------------------|-------------|-------------|-------------|
| A2.1 | Efla gæðamál varðandi nám og kennslu.   |              |   |                           | 2014        | 2022        |             |
| A2.2 | Endurnýjun á tækjabúnaði í verknámi.  |              |   |                           | 2015        | 2022        |             |
| A2.3 | Efla starfsþróun kennara með því að fjölga tækifærum til endurmenntunar og starfsspeglunar. |              |   |                           | 2015        | 2022        |             |
| Nr.  | Markmið   | HM           | Mælikvarðar   | Gögn til grundvallar      | Staðan 2018 | Viðmið 2020 | Viðmið 2022 |
| A3   | Stuðla að aukinni aðsókn í starfsnám.   | HM 4<br>HM 8 | Hlutfall nýnema sem innritast í VA að hausti eftir grunnskóla, sem velur starfsnám <sup>1</sup> . | Innritunargögn úr Innu.   | 50%         | 50%         | 50%         |
|      |   |              | Hlutfall íbúa á Austurlandi sem heimsækir VA á Tæknidegi fjölskyldunnar.                          | Gestabækur frá Tæknidegi. | 15%         | 15%         | 15%         |

#### Tengist markmiði málaflokks

Markmið 3: Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám.

| Nr.  | Verkefni/aðgerðir  |  |  |  | Upphaf | Endir |
|------|--|--|--|--|--------|-------|
| A3.1 | Þátttaka í kynningaraðgerðum starfsnámsskólanna.   |  |  |  | 2017   | 2022  |
| A3.2 | Verknámsvika VA og Fjarðabyggðar, gefur nemendum í 9. bekk í Fjarðabyggð tækifæri til að kynna verknámsdeildum VA í eina viku í maímánuði ár hvert.  |  |  |  | 2015   | 2022  |
| A3.3 | Tæknidagur fjölskyldunnar. Haldinn í október. Þann dag er starfsnám við VA kynnt ásamt því sem tæknifyrirtæki og sprotar á Austurlandi og menntastofnanir kynna möguleika í iðn-, starfs- og tæknigreinum; atvinnu og möguleika á framhaldsnámi. |  |  |  | 2013   | 2022  |

<sup>1</sup> Nemendur sem ekki uppfylla skilyrði til inntöku í starfsnám strax að loknum grunnskóla, þ.e. stunda nám á framhaldsskólabraut á fyrsta ári og innritast að því loknu á starfsnámsbrautir teljast hér með.

**B****Rekstrarþættir**

*Skipurit skólans er að finna á heimasíðu hans. Þar er starfsemi skólans skipt niður í yfirstjórn og 3 svið: Kennslusvið, þjónustusvið og fjármálasvið.*

*Í yfirstjórn eru þrír starfsmenn, skólameistari (47 ára), aðstoðarskólameistari (36 ára) í fullu starfi sem er staðgengill skólameistara og gæðastjóri (34 ára) (kennsla er hluti af starfi gæðastjóra en hlutfall kennslu er breytilegt á milli anna).*

*Aðrir starfsmenn á haustönn 2019 eru 38 talsins í 30 stöðugildum. Störf þeirra og stöðugildi skiptast með eftirfarandi hætti eftir sviðum:*

*Við skólann starfa 27 einstaklingar á kennslusviði í 20,9 stöðugildum, þar af eru 15 konur í 9,6 stöðugildum og 12 karlar í 11,2 stöðugildum. Fimm kennarar eru einnig deildarstjórar samhliða kennslu þ.e. á öllum verknámsbrautum og á starfsbraut. Alls hafa 10 kennarar ekki kennsluréttindi í 6,5 stöðugildum. Af þeim eru þrír í 25% starfi eða stundakennslu. Fimm þeirra kennara sem eru án kennsluréttinda stunda kennsluréttindanám.*

*Meðalaldur starfsmanna á kennslusviði er 45 ár. Aldursdreifing er með eftirfarandi hætti:*

- 30 – 40 ára – 11 kennarar
- 41 – 50 ára – 8 kennarar
- 51 – 60 ára – 3 kennarar
- 61 – 67 ára – 4 kennarar

*Á þjónustusviði starfa 8 starfsmenn í 5,4 stöðugildum. Þar af 4 karlar í 2,5 stöðugildum og 5 konur í 2,9 stöðugildum. Meðalaldur á þjónustusviði er 50 ár. Aldursdreifing er eftirfarandi hætti:*

- 28 – 40 ára – 3 starfsmenn
- 41 – 50 ára
- 51 – 60 ára – 2 starfsmenn
- 61 – 66 ára – 3 starfsmenn

*Þjónustusvið skiptist í mismunandi hlutverk með eftirfarandi hætti:*

- Náms- og starfsráðgjafi 75% starf
- Skólafulltrúi 80% starf
- Húsvörður 100% starf
- Aðstoð við húsvörslu ásamt vinnu við ræstingu 100% starf
- Ræsting – 2 starfsmenn – í 50% starfi og 75% starfi
- Túlkur / umsjónaraðil - 10% starf
- Nemendaumsjón á heimavist 50% starf

Á fjármálasviði starfar ein kona (58 ára) og er hún í fullu starfi sem fjármálastjóri.

Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli, hann leggur mikla áherslu á heilbrigði til líkama og sálar. Skólinn er grænfánaskóli frá nóvember 2018. Við skólann er starfandi umhverfisnefnd og áhersla er lögð á umhverfismál. Allar [stefnur skólans](#) má finna á heimasíðunni og eru þær hluti af skólanámskránni.

Innra mat skólans byggir á ISO 9001. Innleiðing staðalsins stendur enn yfir en kennsluhlutinn er kominn í góða virkni. Vinnan hefur leitt af sér markvissara mat á skólastarfi og umtalsverða aukningu á eftirfylgni með námi og kennslu.

Ytri úttekt var gerð á skólanum haustið 2014, er hún birt á vef skólans. Út frá niðurstöðum úttektarinnar hefur skólinn gert umbótaáætlun, sjá á vef skólans. Í áætluninni er m.a. áhersla lögð á að sporna gegn brottþvarfi, efla gæðamál og klára innleiðingu á Aðalnámskrá frá 2011. Þann 3. október 2017 barst skólanum bréf frá MMR þar sem fram kemur að skólinn hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins og að málinu sé lokið af hálfu þess (Tilv.: MMR 15011886/6.14.3).

### Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

| Nr.  | Markmið                               | Mælikvarðar   | Gögn til grundvallar                            | Staðan 2018               | Viðmið 2020  | Viðmið 2022  |
|------|---------------------------------------|---|---|---------------------------|--|--|
| B1   | Efling mannauðs.                      | Endur- og símenntun:<br><i>Innan skólans:</i><br>Fjöldi námskeiða og fyrirlestra, virkni jafningjafræðslu og lærdómssamfélag.<br><i>Utan skólans:</i><br>Þátttaka starfsmanna í námskeiðum, ráðstefnum, starfsspeglun og annarri fræðslu og sjálfseflingu utan skólans. | Skráning stjórnenda á þátttöku starfsmanna.     | Innleiðing                | 95% starfsmanna virkir í einum þætti.<br>50% starfsmanna virkir í tveimur eða fleiri þáttum. | 95% starfsmanna virkir í einum þætti.<br>50% starfsmanna virkir í tveimur eða fleiri þáttum. |
|      |                                       | Fjöldi samþykktra starfslýsinga skv. ISO 9001 staðli.   | Gæðahandbók.                                    | Innleiðing                | 100%   | 100%   |
|      |                                       | Fjöldi starfsmannaviðtala á ári.  | Skráning skólameistara á tímasetningum viðtala. | Engin starfsmanna-viðtöl. | Allir starfsmenn í viðtöl a.m.k. einu sinni á ári.   | Allir starfsmenn í viðtöl a.m.k. einu sinni á ári.   |
| Nr.  | Verkefni/aðgerðir                     |   |   |                           | Upphaf   | Endir  |
| B1.1 | Efla gæðamál varðandi mannauðsstjórn. |   |   |                           | 2020   | 2022   |

| <b>B1.2</b> | Fjölga starfsmannaviðtölum.   |                                   |  |  | 2020   | 2020   |
|-------------|---|-----------------------------------|--|--|--|--|
| <b>B1.2</b> | Vinna markvisst að fjölgun tækifæra starfsmanna til að sækja námskeið og fræðslu innan skólans, fjölgun tækifæra til starfsþróunar/símenntunar innanlands og tengt evrópsku samstarfi og eflingu lærdómssamfélag innan skólans. |                                   |  |  | 2015   | 2022   |
| <b>Nr.</b>  | <b>Markmið</b>  | <b>Mælikvarðar</b>                | <b>Gögn til grundvallar</b>                          | <b>Staðan 2018</b>   | <b>Viðmið 2020</b>   | <b>Viðmið 2022</b>   |
| <b>B2</b>   | Að reka skólann innan fjárheimilda fjárlaga ár hvert.   | Samræmi áætlunar og raunútgjalda. | Útkomuspá og ársreikningur hvers árs.                | Stefnir í neikvæða útkomu <sup>2</sup> .   | Miðað er við að rekstur skólans sé innan fjárlaga.                           | Miðað er við að rekstur skólans sé innan fjárlaga.                           |
|             |   | ISO gátlistar.                    | Notkun ISO gátlista við endurnýjun tækja og búnaðar. | ISO gátlistar fylltir út í flest þau skipti þegar þörf er á endurnýjun tækja og búnaðar. | ISO gátlistar alltaf fylltir út þegar þörf er á endurnýjun tækja og búnaðar. | ISO gátlistar alltaf fylltir út þegar þörf er á endurnýjun tækja og búnaðar. |
| <b>Nr.</b>  | <b>Verkefni/aðgerðir</b>  |                                   |  |  | <b>Upphaf</b>  | <b>Endir</b>   |
| <b>B2.1</b> | Rekstraráætlanir eins nákvæmar og unnt er.  |                                   |  |  | 2019   | 2022   |
| <b>B2.2</b> | Verklagsreglur gæðastjórnunarkerfis nýttar í tengslum við innkaup.  |                                   |  |  | 2019   | 2022   |

<sup>2</sup> Ekki liggur enn fyrir hver afkoma ársins 2018 er né hversu mikið megi flytja á milli árána 2018 – 2019. Því er ekki hægt að segja með fullri vissu hver staðan sé árið 2018.